



Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - www.torah.is
Birt með leyfi höfundar - www.m7000.com

1. þáttur af 18

Fyrsti hluti: Kynning og aftur til grunnatriðanna

Skjámynd:

Dæmigerður hugsunarháttur:

Skjámynd:

Rómverjabréfið 6.14 ...Synd skal ekki drotna yfir yður, því að ekki eruð þér undir lögmáli, heldur undir náð.

Galatabréfið 3.13 ...Kristur keypti oss undan bölvun lögmálsins með því að verða bölvun fyrir oss...

Galatabréfið 5.18 En ef þér leiðist af andanum, þá eruð þér ekki undir lögmáli.

Galatabréfið 3.24-25 ...hefur lögmálið orðið tyftari vor, þangað til Kristur kom (til að leiða okkur til Krists (ensk þýð.)), til þess að vér réttlætumst af trú. En nú, eftir að trúin er komin, erum vér ekki lengur undir tyftara.

Skjámynd:

Rómverjabréfið 3.20 Með því að enginn lifandi maður réttlætist fyrir honum af lögmálsverkum...

Jakobsbréfið 2.24 Þér sjáið, að maðurinn réttlætist af verkum og ekki af trú einni saman.

Galatabréfið 2.16 ...maðurinn réttlætist ekki af lögmálsverkum, heldur fyrir trú á Jesú Krist...

Rómverjabréfið 2.13 ...ekki eru heyrendur lögmálsins réttlátir fyrir Guði, heldur munu gjörendur lögmálsins réttlættir verða.

Postulasagan 13.39 Sérhver, er trúir, réttlætist í honum af öllu því, er lögmál Móse gat ekki réttlætt yður af.

Erum við réttlætt af lögmáli eða ekki?

Skjámynd:

NÝJA TESTAMENTIÐ (Gal. 5.4): Þér eruð orðnir viðskila við Krist, þér sem ætlið að réttlætast með lögmáli. Þér eruð fallnir úr náðinni.

GAMLA TESTAMENTIÐ (5. Mós. 6.25): Og vér munum taldir verða réttlátir, ef vér gætum þess að breyta eftir öllum þessum skipunum fyrir augliti YHWH Elóhíms vors, eins og hann hefir boðið oss.

Skjámynd:

Byggingarkubbar

Skjámynd:

Lögmál Móse „Gamla testamentið“ Lærisveinar Yeshua Páll

Lúkasarguðspjall 24.44-45 Og hann sagði við þá: Þessi er merking orða minna, sem ég talaði við yður, meðan ég var enn meðal yðar, að rætast ætti allt það, sem um mig er ritað í lögmáli Móse, spámönnunum og sálmunum (ritunum). Síðan lauk hann upp huga þeirra, að þeir skildu ritningarnar...

Skjámynd:

Lögmál Móse

Skjámynd:

5. Mósebók 18.15-19 (stytt) ...Þá sagði YHWH við mig: ...Ég vil upp vekja þeim spámann meðal bræðra þeirra, slíkan sem þú ert, og ég mun leggja honum mín orð í munn, og hann skal mæla til þeirra allt það, er ég býð honum. Og hvern þann, er eigi vill hlýða á orð mín, þau er hann mun flytja í mínu nafni, hann mun ég krefja reikningsskapar.

Jóhannesarguðspjall 7.14-19 (stytt) (Yeshua segir...) Kenning mín er ekki mín, heldur hans, er sendi mig. Sá sem vill gjöra vilja hans, mun komast að raun

um, hvort kenningin er frá Guði eða ég tala af sjálfum mér... Gaf Móse yður ekki lögmálið? *Samt* heldur enginn yðar lögmálið.

[Jóhannesarguðspjall 7.40-41](#) Þá sögðu nokkrir úr mannfjöldanum, sem hlýddu á þessi orð: Þessi er sannarlega spámaðurinn. Aðrir mæltu: Hann er Messías.

[Postulasagan 3.19-22 \(stytt\)](#) (Pétur segir...) Gjörð því iðrun og snúið yður, að syndir yðar verði afmáðar. Þá munu koma endurlífgunartímar frá augliti YHWH, og hann mun senda Messías, sem yður er fyrirhugaður, sem er Yeshua... Móse sagði...

Framhald í næsta þætti...

Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010 og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda póst á torah@internet.is